



## Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

### FUNDUR - 1. júní 2004

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 46. fundar þriðjudaginn 1. júní 2004 kl. 17:00 í Félagsheimilinu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mæting er samkvæmt undirskriftum.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 21. maí.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 27. maí.
3. Fundargerð Hafnar- og veitunefndar frá 18. maí.
4. Fundargerð Húsnæðisnefndar frá 21. maí.
5. Fundargerð Fræðslu-, íþrótt- og tómstundanevndar frá 25. maí.
6. Ákvörðun um sumarfrí bæjarstjórnar Blönduósbæjar.
7. Kosningar:
  - a. Kjör forseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar.
  - b. Kjör 1. varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar.
  - c. Kjör 2. varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar.
  - d. Kjör 3. aðalfulltrúa og 3. varafulltrúa í bæjarráð Blönduósbæjar.
  - e. Breytingar á fulltrúum í nefndum Blönduósbæjar.

#### Afgreiðslur:

1. Fundargerð 84. fundar bæjarráðs frá 21. maí tekin til umræðu og afgreiðslu. Fundargerðin er í 9 liðum. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði. Hún var samþykkt samhljóða.
2. Fundargerð 85. fundar bæjarráðs frá 27. maí tekin til umræðu og afgreiðslu. Fundargerðin er í 9 liðum. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði. Hún var samþykkt samhljóða.
3. Fundargerð Hafnar- og veitunefndar frá 18 maí tekin til umræðu og afgreiðslu. Fundargerðin er í 5 liðum. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði. Hún var samþykkt samhljóða.
4. Fundargerð Húsnæðisnefndar frá 21 maí tekin til umræðu og afgreiðslu. Fundargerðin er í 3 liðum. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði. Hún var samþykkt samhljóða.
5. Fundargerð Fræðslu-, íþrótt- og tómstundanevndar frá 25 maí tekin til umræðu og afgreiðslu. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði. Hún var samþykkt samhljóða.
6. Ákvörðun um sumarfrí Bæjarstjórnar Blönduósbæjar. Svohljóðandi tillaga lögð fram. *“Bæjarstjórn Blönduósbæjar samþykkir að síðasti fundur bæjarstjórnar fyrir sumarfrí verði 15. júní næst komandi og að fyrsti fundur að sumarfríu loknu verði 24. ágúst 2004. Bæjarráði verði falin*

*fullnaðar afgreiðsla mála meðan á sumarfríi bæjarstjórnar stendur, í samræmi við samþykktir bæjarins.*

7. Kosningar:
- a. Kjör forseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar. Tilnefndur er Valgarður Hilmarsson af H-lista.
  - b. Kjör 1. varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar. Tilnefnd er Þórdís Hjálmarsdóttir af Á-lista.
  - c. Kjör 2. varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar. Tilnefndur er Auðunn Sigurðsson af D-lista.
  - d. Kjör 3. aðalfulltrúa og 3. varafulltrúa í bæjarráð Blönduósbæjar.  
Tilnefnd sem aðalmenn:  
Valdimar Guðmannsson af Á-lista.  
Jóhanna G. Jónsdóttir af H-lista  
Ágúst Þór Bragason af D-lista.  
Tilnefnd eru sem varamenn:  
Þórdís Hjálmarsdóttir af Á-lista.  
Hjördís Blöndal af H-lista.  
Auðunn Sigurðsson af D-lista.
  - e. Á-listinn tilkynnti svokallaða breytingu á nefndarskipan:  
Bæjarstjórn: Helga Jónína Andrésdóttir verður fyrsti varamaður í staðinn fyrir Guðbjart Ólafsson og Þórdís Erla Björnsdóttir verður annar varamaður.  
Hafnar- og veitunefnd: Hans Vilberg Guðmundsson verður aðalmaður í staðinn fyrir Guðbjart Ólafsson. Varamenn verða Tryggvi Björnsson og Sigríður Bjarney Aadnegard.  
Héraðsnefnd Austur-Húnavatnssýslu: Helga Jónína Andrésdóttir verður varamaður í staðinn fyrir Björgvin Þór Þórhallsson.

Tilnefningarnar bornar undir atkvæði í einu lagi. Þær voru samþykktar samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:00.

Valgarður Hilmarsson  
Valdimar Guðmannsson  
Jóhanna G. Jónsdóttir  
Jóna Fanney Friðriksdóttir  
Auðunn Steinn Sigurðsson

Ragnar Ingi Tómasson  
Hjördís Blöndal  
Ágúst Þór Bragason  
Þórdís Hjálmarsdóttir